



# GRUNDTVIG

FULLORÐINSFRÆÐSLA



Stjórnardeild mennta-  
og menningarmála  
Menntáætlun Evrópusambandsins



[www.grundtvig.is](http://www.grundtvig.is)

# GRUNDTVIG

Markmið Menntaáætlunar ESB er að stuðla að þróun öflugs þekkingarsamfélags í Evrópu. Sérstök áhersla er lögð á samskipti, samstarf og samnýtingu af reynslu, þekkingu og þjálfun í Evrópu.

## MENNTAÁÆTLUN ESB

**TÍMABIL:** 1. janúar 2007 – 31. desember 2013.

### FJÓRIR ÞÆTTIR ÁÆTLUNARINNAR

<b>COMENÍUS:</b>	leik-, grunn- og framhaldsskólamenntun
<b>ERASMUS:</b>	háskólastigið
<b>LEONARDÓ:</b>	starfsmenntun
<b>GRUNDTVIG:</b>	fullorðinsfræðsla og aðrar menntunarleiðir

**GRUNDTVIG ÁÆTLUNIN** dregur nafn sitt af danska guðfræðingnum og ljóðskáldinu Nicolai Frederik Severin Grundtvig (1783-1872). Hann lagði grunninn að fullorðinsfræðslu með verkinu „Skolen for livet og academiet i soer“ þar sem hugmyndin um stofnun lýðháskóla var sett fram.

### MARKMIÐ GRUNDTVIG:

- Að svara auknum menntunarþörfum Evrópubúa í breyttu þjóðfélagsformi þar sem eldra fólki fjölgar meira en áður þekktist.
- Að gefa fullorðnu fólki möguleika á að bæta þekkingu og færni.
- Að auka möguleika á námsferðum nemenda í fullorðinsfræðslu. Stefnt er að því að fjöldi nemenda í ferðum árlega nái a.m.k. 7000 árið 2013.
- Að auka gæði og samstarf milli fullorðinsfræðslustofnana í Evrópu.
- Að aðstoða fólk við að mennta sig, sérstaklega þá sem litla eða enga menntun hafa.
- Að auðvelda þróun og nýsköpun í fullorðinsfræðslu og flæði á milli landa.
- Að styrkja þróun og nýjungar í tölvutengdu námi, aðferðafræði og nýjar leiðir í fullorðinsfræðslu.
- Að bæta kennslufræði og stjórnun í fullorðinsfræðslustofnunum.

### FORGANGSATRÍÐI Í GRUNDTVIG VERKEFNUM:

- Efla grunnfærni fullorðinna • Bæta gæði í fullorðinsfræðslu • Bæta aðgengi og ímynd fullorðinsfræðslu
- Finna leiðir til að meta óformlegt nám • Ná til fólks sem hefur litla menntun og lítil tæk á að mennta sig
- Vinna við kennslu á eldra æviskeiði, kynslóðabil brúað.

# HVERJIR GETA TEKIÐ ÞÁTT?

Allar stofnanir/fyrirtæki sem sinna fullorðinsfræðslu, endurmenntunarstofnanir ýmis konar, háskólar sem vinna að rannsóknum á námsefni og/eða námsefnisgerð fyrir fullorðinsfræðslu. Samtök/stofnanir sem þjálfa kennara í fullorðinsfræðslu, stéttarfélag, bókasöfn, söfn og sveitarfélög og kennarar í fullorðinsfræðslu.

## SÍMENNTUN OG ENDURMENNTUN

### GRUNDTVIG STYRKIR EFTIRFARANDI VIÐFANGSEFNI:

- **Endurmenntun fullorðinsfræðslukennara** frá 5 dögum í allt að sex vikna námskeið, starfsþjálfun eða „job-shadowing“. Þrjú umsóknarfrestir eru á ári: í janúar, apríl og september.
- **Námserðir og starfsmannskipti** frá 1 degi í allt að 12 vikur. Hægt er dvelja við fullorðinsfræðslustofnanir eða sækja ráðstefnur eða vinnustofur. Markmiðið er að bæta þekkingu og læra af starfsfélögum í fullorðinsfræðslu.
- **Samstarfsverkefni fullorðinsfræðslustofnana** í samstarfi a.m.k. 3 landa til tveggja ára. Verkefni byggja á því að efla starf fullorðinsfræðslustofnana. Styrkuppheðir fara eftir fjölda ferða í verkefnum. Umsóknarfrestur er í febrúar.
- **Ferðastyrkir** til að sækja undirbúningsfundi eða tengslaráðstefnur til að koma á fót samstarfsverkefnum. Umsóknarfrestir eru ekki ákveðnir en umsóknir berist a.m.k 2 mánuðum fyrir brottför. Evrópskar tengslaráðstefnur eru að jafnaði haldnar á haustin.
- **Stærri samstarfsverkefni** t.d. þróun námsefnis, þematísk net o.fl. er sótt um beint til framkvæmdastjórnarinnar í Brussel.

- **Grundtvig vinnustofur.** Viðfangsefni vinnustofanna getur verið hvað sem er í fullorðinsfræðslu: t.d. listir, tónlist, nýsköpun, stærðfræði, vísindi, tungumálakennsla lítt útbreiddra tungumála, umræðuhópar, evrópsk málefni, fjölmening o.fl. Styrkir til verkefnis snúa að móttöku- og ferðakostnaði þátttakenda. Grundtvig vinnustofur þurfa ekki að vera skipulagðar í samstarfi við önnur lönd en byggja á þátttöku 10 - 20 nemenda. Þriðjungur nemenda geta verið frá sama landi. Styrkir fást ekki til þátttakenda frá heimalandinu en þeir geta tekið þátt. Umsóknarfrestur er í febrúar.
- **Sjálfbóðaliðaverkefni 50+.** Sjálfbóðaliðaverkefni byggja á samstarfi tveggja fullorðinsfræðslustofnana sem skiptast á 2-6 sjálfbóðaliðum 50 ára og eldri í a.m.k. 3 vikur. Styrkir til verkefna snúa að móttöku og ferðakostnaði þátttakenda. Umsóknarfrestur er í mars.
- **Starfsþjálfun /Assistantship** Verðandi eða starfandi fullorðinsfræðslukennurum gefst tækifæri til að vinna við fullorðinsfræðslustofnun í Evrópu í 3-8 mánuði. Umsóknarfrestur er í mars.

### FORGANGSATRÍÐI Í GRUNDTVIG NETUM:

- Tungumálamenntun í fullorðinsfræðslu
- Akademísk net í fullorðinsfræðslu
- Net hagsmunaðila í fullorðinsfræðslu.
- Mat og viðurkenning á færni í fullorðinsfræðslu.

- STARFAR ÞÚ Á SVIÐI FULLORÐINSFRÆÐSLU?
- LANGAR ÞIG Í EVRÓPSKT SAMSTARF FULLORÐINSFRÆÐSLUSTOFNANA T.D. MENNTASAMSTARF, SJÁLFBODALIÐAVERKEFNI EÐA VINNUSTOFUR?
- VILTU SÆKJA EVRÓPSK ENDURMENNTUNARNÁMSKEIÐ EÐA RÁÐSTEFNUR Á SVIÐI FULLORÐINSFRÆÐSLU?
- VILTU GERAST AÐSTOÐARKENNARI VIÐ FULLORÐINSFRÆÐSLUSTOFNUN Í EVRÓPU?
- HEFURÐU HUGMYND AÐ KENNSLUEFNI EÐA NÁMSKEIÐI Í FULLORÐINSFRÆÐSLU?

**LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB VEITIR  
NÁNARI UPPLÝSINGAR [WWW.GRUNDTVIG.IS](http://WWW.GRUNDTVIG.IS)**



Menntaáætlun Evrópusambandsins



Stjórnardælið mennta-  
og menningarmála

Þessi bæklingur er gefinn út með styrk frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Eftir bæklingins endurspeglar eingöngu afstöðu höfundna þess og Framkvæmda- stjórnin ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr honum eru nýttar. 2020<sup>©</sup>

LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB | [WWW.GRUNDTVIG.IS](http://WWW.GRUNDTVIG.IS) | ALÞJÓÐASKRIFSTOFA HÁSKÓLASTIGSINS  
HÁSKÓLATORGI VIÐ SÆMUNDARGÖTU | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 525 4311 | FAX: 525 5850 | [ASK@HI.IS](mailto:ASK@HI.IS)